

6. bekkur- Textílmennt

Kennari: Eyrún Ósk Hjartardóttir

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákn, tóna, matarmenningu og líkama. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Kennt er í lotum. 4 kennslustundir á viku, fimmtung úr skólaári.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Námsefni	Námsmat
Prjón og mynstur (húfa/eyrnaband) Nemendur fitja upp og prjóna húfu/ eyrnaband á hringprjón og teikna upp mynstur sem passar við lykkjufjölda. Unnið er með úrtöku og ullarþvott ásamt fræðslu um helstu eiginleika íslensku ullarinnar.	*Nemandi getur beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. *Nemandi getur fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni	Efni frá kennara	Leiðsagnarmat
Bútasaumur: Nemendur móta mynd úr afgangsefnisbútum á fyrirfram ákveðna stærð efnis og sauma saman. Frágangur í samráði við kennara, val milli púða/poka. Áhersla er lögð á vægi endurnýtingar textíla.	*Nemandi getur þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli *Nemandi getur gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum í textíl.	Efni frá kennara	Leiðsagnarmat
Snið og frágangur verkefna: Unnið er með einföld snið og þjálfun í verktækniþáttum sem snúa að vélsaumi, undirbúningi, skreytingu og vönduðum frágangi verkefna.	*notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.	Efni frá kennara	Leiðsagnarmat
Aukaverkefni í samráði við kennara.		Efni frá kennara.	Leiðsagnarmat